



Framvinduskýrsla 6

21.05.2014

Skrifað af Steingerði Hreinsdóttur – staðan í maí 2014

Síðast var sent yfirlit fyrir framvindu verkefnisins þann 10. mars 2014 og var það bréf notað til grundvallar fyrir fundi með sveitarstjórnnum í mars. Í mars þótti ekki ástæða að halda fund stjórnar vegna þess að verið var að vinna samninginn við Brussel.


Núna er búið að senda endurnýjaðan samning frá Brussel – helsta breytingin er sú að sveitarfélögin og jarðeigendur í Reynishverfi eru „partnerar“ í samningnum. Lækkunin frá fyrri samningi er eins og gert var ráð fyrir upb 12%. Staðfesting á þessu kom í póstinum þann 28. apríl sl. en þar með ætti að vera búið að fá niðurstöður í uppsagnamál IPA verkefnisins sem hófst í nóvember 2013 og hefur tekið mikinn tíma og orku frá verkefninu sjálfu.

Febrúar - Mars:

Starfsmenn verkefnisins héldu áfram sínu striki og unnu að skiltum, heimasíðunni ásamt kennslu- og kynningarefni. Tilrauna útgáfa kennsluefnis var unnin fyrir lok mars þar sem búið var að panta pakka fyrir fyrsta kennsluhópinn.

Eins og fram kom í síðasta bréfi voru haldnir fundir með ferðabjónustunni í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Mæting var heldur rýr í Rangárþingi Eystra þar sem 6 manns sáu sér fært að koma en 20 manns mættu í Skaftárhreppi. Fundur hafði þegar verið skipulagður í Mýrdalshreppi með Visit Vík klasanum en þar var vel mætt og við komum þar inn vorum með kynningu og fengum m.a að taka þátt í stefnumótun klasans.

Í stuttu máli er ferðabjónustan jákvæð í garð jarðvangsins og vilja sjá hann áfram að vinna fyrir svæðið og endurspeglast í eftirfarandi svörum ferðabjónustuaðila í Visit Vík.



Sigurður og Steingerður fóru inn á fundi sveitarstjórna svæðisins og fengu allstaðar góðar móttökur. Umræða skapaðist um framtíðarplön fyrir jarðvanginn – allstaðar var jákvæð umræða um jarðvanginn og vilji til að halda áfram með hann. Þrátt fyrir jákvæðnina virðist ekki vera grundvöllur fyrir því að sveitarfélögin taki að sér að reka jarðvanginn án utanaðkomandi stuðnings.

Farið var til fundar með SASS og Byggingarstofnun sent bréf – ennþá hefur ekkert komið útúr þeim þreifingum.

Í lok mars var fundur EGN í Sobrabre jarðvanginum á Spáni og þangað fóru Sigurður og Steingerður til þátttöku. Einn nýr jarðvangur var tekinn inn í netverkið og eru þeir því 101 í heiminum í dag. Einnig stór hluti fundarins fór í umræður um að styrkja tengslin við UNESCO og hvort EGN eigi að vera deild þar inni eða halda áfram að vera sjálfstæð eining.

Umsóknir liggja fyrir frá 12 jarðvöngum – einni var hafnað en hinir verða teknir út af sérfræðingum í vor og þá kemur það í ljós á haustfundi hvort þeir verði teknir inn sem fullgildir meðlimir inn í EGN.

Það er líklegt að með tíð og tíma komi þessir fundir til með að breytast – enda er hópurinn orðinn stór og ekki reynist eins auðvelt að taka þátt í því beina lýðræði sem einkenna átti þennan hóp.

EGN magazinið er komið út og var sent á alla garðana – í því er grein frá okkur ásamt grein um verkefnið geo2nor sem við erum þátttakendur að.

Apríl:

Þann 31.mars tók Rannveig Ólafsdóttir starfsmaður jarðvangsins á móti 12 manna hópi sem samanstóð af 9 meistaranemum í mannfræði og þremur kennurum í 5 daga nemendaferð sem bæði var skipulögð og leiðsögð af starfsfólki jarðvangsins. Í þetta sinn var öll skipulagningin í höndum jarðvangsins en ferðin var seld í gegnum ferðaskrifstofuleyfi Hótel Laka.

Það var mikil ánægja með ferðina og meðfylgjandi er matsblaðið sem nemendurnir fylltu samviskusamlega út. Þessi fyrsta og einfalda ferð skilur eftir 489.138 krónur í hagnað fyrir jarðvanginn. Út frá þeirri niðurstöðu má gera ráð fyrir að hægt sé að nýta jarðvanginn í að halda úti svona ferðum og að hægt sé að byggja rekstur hans m.a. á slíkum fræðandi pakkaferðum. Með þetta fyrir augum er mikilvægt að setja upp markaðs- og rekstraráætlun með þennan tekjustofn sem grunn.

	pund	ísk		
Greiðsla	£ 6.000	1.124.040		
1	£ 600	112.398		
Alls		1.236.438		
Kostnaður				
Hótel Laki		234.000		
Eyrarútið		6.250		
GT rúta		300.000		
Smáratún		110.750		
Norður Vík		91.100		
annað		5.200		
Alls		747.300		
eftirstöðvar		489.138		

Gera má ráð fyrir því að það taki 3 ár að ná þessum ferðum upp í 10 ferðir á ári sem hver og ein myndi skila í.þ.m 500.000 krónum í hagnað.

Búið er að láta prenta gönguleiðarkort sem núna er verið að láta fara yfir og prufukeyra. Þegar því er lokið verður til vara sem kostaði hátt í 3 milljónir í hönnun og gerð – en prentun á kortunum er minnsti kostnaðurinn. Áætlað er að hægt verði að selja hvert kort á 1.750 – og má þá telja að hvert kort skilji eftir 1.250 kr.

Þá er unnið að því að klára ferðamannabækling sem einnig verður til sölu á upplýsingamiðstöðum og geoparkbók.

Þá er tilbúin litabók fyrir yngsta fólkið og leiðarvísir fyrir fræðslustíginn á Kirkjubæjarklaustri.

Það er búið að dreifa buffi – með logói jarðvangsins á upplýsingamiðstöðvarnar sem við gerum ráð fyrir að skili þó svolitlum tekjum en vinnur á sama tíma sem markaðssetning á jarðvanginum.

Þarna fyrir utan má gera ráð fyrir því að haldin séu námskeið á vegum jarðvangsins sem skili einhverjum tekjum og geti jafnvel sótt styrki til þess.

Jarðvangsvikan 21-28 apríl:

Dagskrá jarðvangsins var prentuð og send út á hvert heimili í jarðvanginum í tíma fyrir jarðvangsvikuna. Stór hluti ferða sem voru í boði í þetta sinni voru lokaverkefni námskeiðsins Staðarleiðsögn á jarðvangi II. 22 nemendur kláruðu síðari hluta námskeiðsins og hlutu með því leyfi til að kalla sig Staðarleiðsögumann í Kötlu Jarðvangi (Katla Geopark local guide).

Þátttaka í jarðvangsvikunni var góð en hún byrjaði á annan dag páska með göngu á Hafursey en í hana mættu 22 einstaklingar og einn hundur. Í göngu á þríhyrning komu 25 mann og 3 hundar og í sælkeragöngu um Reynishverfið í Mýrdal komu 18 manns. 16 manns fóru í fjórhjólaferð um Landbrotshóla 8 tóku þátt í kvöldgöngu á Hjörleifshöfða, 6 spásseruðu um Hvolsvöll og 7 gengu ástarbrautina á Klaustri.

Í Költu jarðvangshlaupið var tvöföldun frá því í fyrra – en 12 manns tóku þátt í þetta skiptið. Það var mikil ánægja með hlaupið og allt bendir til þess að það eigi bara eftir að halda áfram að tvöfaldast á milli ára.

Farið var í göngu á Lómagnúp en þangað mættu 13 manns og hljómsveitin Mono Town dró að sér yfir 50 manns alla leið á Kirkjubæjarklaustur.



Í framtíðinni þarf að gera ráð fyrir því að jarðvangsvikan skili hagnaði enda verði lagt upp með það fyrirfram.

250 stunda námskeiðsröðin sem er í IPA samningnum er að klárast núna í maí og júní með fuglanámskeiði og klifurnámskeiði fyrir krakka. Öll námskeiðin hafa verið haldin og flest með ágættri aðsókn.

Maí og Júní 2014

Gönguleiðarkortin voru gefin út og sett í dreifingu til þeirra sem með hafa að gera – síðan hefur verið farið yfir þau með tilliti til leiðanna, staðreynda og prentvillna – einnig heilt yfir útlit og þ.h. Kortið verður endurútféið fyrir sumarið og selt á upplýsingamiðstöðum; upplýsingamiðstöð Suðurlands í Hveragerði og þessum þremur í jarðvanginum.

Endurnýjaður bæklingur með ýtarlegri kynningu á 9 stöðum er í uppsetningu og fer í prentun fyrir lok tímabilsins. Kennsluefni/ýtarlegt kynningarefni fyrir þekkingartúrisma er í býgerð og verður klárað í júní. Gefum út bók (stóran bækling) í fáum eintökum en setjum saman í mismunandi fræðsluefni – þematengd og/eða staðtengd. Komnir eru vinnuseðlar fyrir kennsluefnið og farið verður í að kynna það strax.

Jarðvangurinn fékk 4.850.000 krónur til uppbyggingar ferðamannastaða frá ferðamálaráði.